

Nd.

185. Nefndarátt

um frv. til laga um slysatryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Þegar allsherjarnefnd barst frv. þetta frá atvinnumálaráðherra, tók hún það þegar til athugunar og að hennar undirlagi var það borið fram í þinginu.

Jafnskjótt og frv. var útbýtt, tók nefndin það til yfirlstrar og athugunar á ný, ræddi um efni þess og orðalag og þær breytingar, sem við frv. þyrfti að gera. Var þessari athugun langt komið, þegar frv. var vísað til nefndarinnar.

Það er langt síðan krafa um almenna slysaftryggingu kom fram á Alþingi. Með auknum iðnaði og vaxandi notkun vjela hefir þörfin orðið brýnni með ári hverju og kröfurnar háværari.

Í fyrsta sinni liggur málið nú fyrir í ákveðnu formi. Við samning frv. hefir verið höfð hliðsjón af þeirri einu lögmæltu skylduaftryggingu, sem hjer hefir verið til, en það er slysaftrygging sjómanna. Lög þau, er þar um gilda, eru undirstaða frv. og nálega öll ákvæði þeirra laga tekin þar upp. . Dánarbæt-ur og bætur fyrir slys eftir frv. eru jafnháar og í lögunum um slysaftryggingu sjómanna; en aftur er ákvæðið um dagpeninga nýtt, og verður það tvímæla- laust að teljast til bóta.

Eftir lögum um slysaftryggingu sjómanna greiða sjómenn og útgerðar- menn iðgjöldin að jöfnum hluta hvor, en á smærri bátum tekur rikissjóður þátt í greiðslu iðgjaldanna; helst sú þátttaka rikissjóðs í greiðslu iðgjaldanna óbreytt í frv.; en að öðru leyti eru engin bein ný útgjöld lögð á rikissjóð með frv., nema hvað kostnaður við stjórn slysaftryggingarinnar á að greiðast úr rikissjóði; er naumast ætlandi, að sá kostnaður fari neitt verulega fram úr því, sem nú er greitt úr rikissjóði í stjórnarkostnað við slysaftryggingu sjómanna.

Það er nýtt í frv., að atvinnurekendur skuli greiða iðgjöldin, en hvar- vetna mun það vera síður, að atvinnurekendur greiði kostnaðinn við slys- aftryggingu verkamanna þeirra, er hjá þeim vinna. Fyrir þessu gerir nefndin, er samið hefir frumvarpið, mjög glögga grein í athugasemdunum. Þar segir svo:

»Jafnframt leggur nefndin til, að öll iðgjöldin greiðist af atvinnurekend- um. Er það í samræmi við þá almennu meginreglu, sem fylgt er svo að segja undantekningarlaust alstaðar þar, sem slysaftryggingar hafa verið teknar í lög, að sjálfur atvinnureksturinn sje látinn bera slysaáhættuna, en ekki hinir einstöku verkamenn, enda virðist það eðlilegt, þar sem slysaáhættan er svo misjöfn við mismunandi atvinnurekstur og venjulega eigi tekið mikið tillit til þess mismunar við ákvörðun vinnukaups. Og það virðist því sanngjarnara, að atvinnurekendur beri kostnaðinn við þessar tryggingar, sem þeir eru eigi skyldir að taka neinn beinan þátt í kostnaði við aðrar tryggingar verkamanna, svo sem sjúkratryggingar og ellitryggingar«.

Um framkvæmd hinna nýju trygginga er auðvitað ekki hægt að segja neitt fyrirfram með vissu. En þar er þó hægt að byggja á þeirri reynslu, sem fengist hefir um slysaftryggingu sjómanna, svo langt, sem sú reynsla nær; enda verður slysaftrygging sjómanna stærsti liðurinn í tryggingarstarfsemi.

En það má þó telja vist, að iðgjöld flestra hinna nýju tryggingar- eða áhættuflokka verða að miklum mun lægri, líklega alt að því helmingi lægri, en iðgjöld sjómanna eru nú. Er og enginn samanburður á slysaáhættunni við sjómenskuna og við störf þau, sem í landi eru unnin, þó að slys komi þar eigi ósjaldan fyrir.

Það er auðvitað galli, að slysaftryggingin skuli ekki þegar í byrjun vera almenn, þ. e. a. s. ná til allrar starfsemi í landinu, sem nokkur slysaáhætta er við. En það er bóttin, að með frv. er lögð undirstaða að tryggingarstarf- semi, sem hægt er að byggja ofan á, eftir því sem reynslan sýnir að hag- kvæmast muni vera.

Breytingar þær, sem nefndin vill gera á frv., eru langflestar að eins orðabreytingar eða leiðrjettingar, þar sem frv. er fært til betra máls; hinar örfáu efnisbreytingar eru ekki stórvægilgar. T. d. er í d-lið 1. gr. bætt við þrem flokkum manna, sem nefndin ætlast til að verði tryggingarskyldir; eru það lög-regluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita.

Nefndin vill taka það fram, að slysaftryggingunni beri, að minsta kosti í byrjun, að leggja til eyðublöð undir tilkynningar og vinnuskrár, samkvæmt 9. og 12. gr. frv., og ættu þá slík eyðublöð að fást hjá hreppstjórum og lög-reglustjórum.

Að öðru leyti verður í framsögu gerð nánari grein fyrir frv. og breyt-ingunum, en það er tillaga nefndarinnar, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. 2. b. Niðurlag liðsins frá »rafleiðslu þar sem — — fleiri vinna« skal orða þannig: rafmagnsleiðslur, þar sem 5 manns eða fleiri vinna eða aflvjarlar eru notaðar að staðaldri.
2. Við 1. gr. 2. d. Á eftir »hafnsögumenn« komi: lögregluþjónar, tollþjónar, vitaverðir og starfsmenn við vita.
3. Við 1. gr. Upphaf 9. málsgreinar skal orða þannig:
Það er skilyrði fyrir tryggingarskyldu þeirra, sem nefndir eru í 2. tölulið, að starfið o. s. frv.
4. Við 1. gr. Orðið »verulegum« í 10. málsgrein breytist í: verklegum.
5. Við 3. gr. Fyrri málsgrein skal orða svo:
Þegar trygður maður slasast eða deyr af slysi við þann atvinnu-rekstur, sem hann er trygður í, veitir slysaftryggingin bætur samkvæmt eftirfarandi reglum.
6. Við 4. gr. b. Í stað »er að lækni dómi« komi: að dómi lækni er.
7. Við 5. gr. Í stað »ekkjumaður« í 7. málsgrein komi: ekill.
8. Við 5. gr. Orðin í 7. málsgrein »ef barnið er ekki á framfæri ekkjunnar, en 200 kr., ef það er á framfæri hennar«, falli niður.
9. Við 6. gr. Í niðurlagi 3. málsgr. falli niður orðið »þó« á seinni staðnum.
10. Við 6. gr. Síðasta málslið 4. málsgreinar skal orða svo:
Þó getur Slysaftryggingin, ef erfitt er að halda þessu aðgreindu, á-kveðið meðaliðgjald fyrir alt fyrirtækið, eftir iðgjöldum þeirra áhættu-flokka, sem það fellur undir.
11. Við 7. gr. Upphaf 5. málsgreinar skal orða svo:
Skráningarstjóri sendir Slysaftryggingunni skrár þær, sem nefndar eru í 2. og 3. málsgr. greinar þessarar. Hann skal o. s. frv.
12. Við 9. gr. Orðið »þesskonar« í upphafi greinarinnar falli niður.
13. Við 9. gr. 1. málslið 2. málsgr. skal orða svo:
Forráðamönnum fyrirtækis eða starfrækslu, er getur í 1. gr. 2., skal skylt að halda vinnuskrá á þann hátt, sem Slysaftryggingin mælir fyrir um.

14. Við 12. gr. Upphaf síðari málsgreinar skal orða svo:
Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefir vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir o. s. frv.
15. Við 13. gr. Í stað orðsins »slysið« komi: slys.
16. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Óheimilt er að framselja eða veðsetja skaðabótakröfur samkvæmt lögum þessum o. s. frv.

Alþingi, 14. mars 1925.

Magnús Torfason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskrit., frsm.

Árni Jónsson.

Bernharð Stefánsson.

Jón Kjartansson.